

Fyrirspurn

til fjármálaráðherra um tilboð Breta um að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu.

Frá Siv Friðleifsdóttur.

1. Hafði ráðherra, fyrir yfirtöku íslenska ríkisins á Landsbanka Íslands, vitneskju um tilboð breska fjármálaeftirlitsins (FSA) um að gegn 200 milljóna punda fyrirgreiðslu væri FSA tilbúið að færa reikninga Icesave yfir í breska lögsögu?
2. Í hvað er ráðherra að vísa með eftirfarandi tilsvári í símtali við Alistair Darling, fjármálaráðherra Breta:
Darling: „Ég tek því þá sem svo að loforðið sem Landsbankinn gaf okkur um að hann fengi 200 milljónir punda í reiðufé sé einnig fyrir bí?“
Ráðherra: „Já, þeir fengu ekki það fé.“?
Óskað er eftir því að ráðherra birti í svarinu minnisblöð sem tengjast þessu tilsvári.

Skriflegt svar óskast.